Nr. 1181 26. nóvember 2020

# AUGLÝSING

**um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.**

1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsingu nr. 674/2011.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

2. gr.

| **Heiti námsbrautar** | **Raðnúmer** |
|---|---|
| Fatatækni, fatatæknir, hæfniþrep 2 | (20-451-2-5) |
| Grunnbraut upplýsinga- og fjölmiðlagreina, grunnnám starfsgreina, hæfniþrep 2 | (20-476-2-5) |
| Hársnyrtibraut, hársnyrtir, hæfniþrep 3 | (20-452-3-8) |
| Húsgagnabólstrun, húsgagnabólstrari, hæfniþrep 3 | (20-448-3-8) |
| Húsgagnasmíði, húsgagnasmiður, hæfniþrep 3 | (20-449-3-8) |
| Kjólasaumur, kjólasveinn, hæfniþrep 3 | (20-470-3-8) |
| Klæðskurður, klæðskeri, hæfniþrep 3 | (20-465-3-8) |
| Málaraiðn, málari, hæfniþrep 3 | (20-450-3-8) |
| Múraraiðn, múrari, hæfniþrep 3 | (20-454-3-8) |
| Opin braut, stúdent, hæfniþrep 3 | (20-473-3-6) |
| Pípulagnir, pípulagningamaður, hæfniþrep 3 | (20-469-3-8) |
| Sjálfbærni og sköpunarbraut, viðbótarnám við framhaldsskóla, hæfniþrep 4 | (20-472-4-11) |
| Skipstjórn C/stúdent, skipstjóri C, hæfniþrep 3 | (20-329-3-8) |
| Skipstjórn D, skipstjóri D, hæfniþrep 4 | (20-328-4-10) |
| Veggfóðrun og dúkalögn, veggfóðrari, hæfniþrep 3 | (20-455-3-8) |
| Vélstjórn C, vélstjóri C, hæfniþrep 3 | (20-334-3-8) |
| Vélstjórn D, vélstjóri D/vélfræðingur, hæfniþrep 4 | (20-333-4-10) |

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 26. nóvember 2020.*

**Lilja Dögg Alfreðsdóttir.**

*Páll Magnússon.*